

Verðlaun fyrir góða starfshætti 2018-2019 RAUNDAEMI



Að draga úr útsetningu starfsfólks fyrir skaðlegu ryki í þeim hluta landbúnaðargeirans sem snýr að ræktun



STOFNUN/FYRIRTÆKI

Mansholt BV í samstarfi
með Stigas

LAND

Holland

ATVINNUGREIN

Landbúnaður

VERKEFNI

Meðhöndlun á kartöflum í
landbúnaði sem snýr að
ræktun

Bakgrunnur

Mansholt BV er landbúnaðarfyrirtæki í eigu fjölskyldu með aðsetur í Westpolder, Vierhuizen, Hollandi. Helsta starfsemi fyrirtækisins snýr að ræktun á kartöfluútsæði. Frá október til mars eru kartöflurnar flokkaðar í útihúsi og undirbúnar fyrir flutning til viðskiptavina. Á þessu vinnslustigi er efnið sem loðir við kartöflurnar þurr og myndar ryk sem samanstendur aðallega af jarðvegi og gróðri. Það getur haft skaðleg áhrif á heilsuna að anda þessu ryki að sér, sér í lagi ef það inniheldur kristallaðan kísil, sem getur valdið langvinnum lungnasjúkdómi og lungnakrabbameini.

Reglubundið áhættumat sem hefur verið framkvæmt af Stigas — þjónustuaðila á sviði vinnuverndar fyrir landbúnaðinn í Hollandi — beindi athyglinni að því að starfsfólk fyrirtækisins væri í hættu vegna útsetningu fyrir slíku ryki. Fyrirtækið var staðráðið í að takast á við þetta vandamál og vann náði með stofnuninni innan atvinnugeirans í gegnum árin til að þróa aðgerðaáætlun til að lágmarka útsetningu.

Markmið

Fyrirtækið stefndi að því að draga úr útsetningu starfsfólks fyrir mögulega skaðlegu ryki í útihúsinu þar sem kartöflur eru flokkaðar og bauð upp á hreint, öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir allt starfsfólkið.

Hvað var gert og hvernig?

Í gegnum samstarf við Stigas, hefur Mansholt BV fundið hagnýtar leiðir til að draga úr útsetningu starfsfólks fyrir ryki. Sambland af tæknilegum, skipulagslegum og einstaklingsbundnum verndarráðstöfunum hafa verið gerðar í skrefum, þar sem fylgt var stigveldi varnarráðstafana sem er að finna í löggjöfinni.

Árið 2003 keypti fyrirtækið rafmagnslyftara í útihúsið þar sem kartöflurnar eru flokkaðar til að lágmarka magnið af ryki sem þyrlast um, og auk þess var enginn útblástur frá lyftaranum og hann hljóðlátari en fyrri vélar sem gengu fyrir eldsneyti.



Heimild: Mansholt BV.



Heimild: Mansholt BV.

Árið 2007 setti fyrirtækið upp tæki til að flokka kartöflur í sérhönnuðu 'lesherbergi' með lágu lofti og yfirprýstingskerfi, sem þýðir að ryk er þvingað niður með hliðunum. Áður en kartöflurnar koma inn í þetta herbergi til flokkunar og vinnslu, fara þær á sérstakt færiband sem fjarlægir mest af rykinu. Ryksugusópur var einnig keyptur. Hann er notaður til að hreinsa ryk af gólfinu á morgnana áður en vinna hefst og nokkrum sinnum yfir daginn.

Árið 2012 var rykhreinsibúnaður settur upp. Allir staðir á flokkunar-færibandinu þar sem kartöflurnar falla af einu stigi á annað eru lokaðir af og tengdir við stórt miðlægt afsog til að koma í veg fyrir að ryk berist út í loftið.

Fyrirtækið er einnig með þrifaáætlun þar sem þrifið er og ryksugað daglega, til að halda rykmagni í loftinu eins litlu og mögulegt er.

Það sem mikilvægt er, tæknilegu og skipulagslegu ráðstafanirnar eru mjög árangursríkar við að lágmarka útsetningu starfsfólks fyrir ryki, sem þýðir að sjaldan er þörf á persónuhlífum. Í þeim verkþáttum þar sem líklegt er að starfsfólk verði útsett fyrir sérlega miklu magni af ryki, eru grímur með útöndunarventli í boði.

Auk þessara ráðstafana til að draga úr útsetningu fyrir ryki, hefur fyrirtækið gripið til annarra aðgerða til að bæta vinnuaðstæður; til dæmis, hefur uppsetning á

LED-lýsingu og þakglugga skapað þægilegra vinnuumhverfi í útihúsinu þar sem kartöflurnar eru.

Hverju var áorkað?

Þessi samsetning aðgerða til úrbóta sem Mansholt BV hefur gripið til hefur dregið verulega úr rykmagni í útihúsinu þar sem kartöflurnar eru flokkaðar og hefur bætt vinnuaðstæður umtalsvert. Þetta kunna bæði starfsfólk og viðskiptavinir vel að meta. Ennfremur hefur árangur fyrirtækisins verið viðurkenndur af Stigas, þar sem einn vinnuverndarfulltrúinn benti á að viðleitni þess til að fjárfesta í heilsusamlegum vinnustað geri það leiðandi fyrirtæki á sviði vinnuverndar í landbúnaði í Hollandi.

Þrátt fyrir þennan árangur er fyrirtækið þó ekki andvaralaust og heldur áfram að leita leiða til að draga úr hættum og bæta vinnuaðstæður, í gegnum árangursríkt samstarf með Stigas og með virkri þátttöku starfsfólks.

Árangursþættir

Fyrirtækið er staðráðið í að tryggja öruggar og heilsusamlegar vinnuaðstæður fyrir starfsfólk sitt, og er þess áskynja að vellíðan starfsfólks er lykillinn að því að tryggja ánægða viðskiptavini og árangursríkan rekstur.



Heimild: Mansholt BV.

Með stuðningi vinnuverndarstofnunarinnar innan starfsgreinarinnar, hefur það innleitt stigveldi varnarráðstafana til að takast á við hættur sem stöðja að starfsfólki vegna hættulegs ryks í útihúsi sínu þar sem kartöflurnar eru flokkaðar: þó að útskipting sé ekki möguleg, þar sem ekki er hægt að komast hjá því að meðhöndla kartöflurnar, þá hefur fyrirtækið fyrst og fremst dregið úr hættum með því að grípa til tæknilegra ráðstafana eins framarlega í vinnslukeðjunni og mögulegt er.

Starfsfólkið metur viðleitni fyrirtækisins og aðgerðir til að bæta vinnuaðstæður, og tekur með virkum hætti þátt í að finna lausnir og koma á breytingum. Stjórnendur og starfsfólk vinnur saman þegar nýr búnaður er keyptur og framleiðsluferli eru uppfærð til að tryggja að vinnuvernd sé í forgangi.

Yfirfærsla

Aðferðin sem Mansholt BV beitti er gott dæmi fyrir önnur fyrirtæki, þ.m.t. þau sem eru utan landbúnaðarins, um hvernig lítil fyrirtæki með takmarkaða fjármuni geta gert raunverulegar umbætur varðandi vinnuvernd í gegnum samstarf með stofnun innan starfsgreinarinnar og með því að breyta búnaði og vinnuferlum smám saman.

Kostnaður og ávinningur

Í heild kostuðu rafmagnslyftarinn, ryksugusópurinn og rykhreinsibúnaðurinn meira 100.000 evrur, sem er talsverð fjárfesting fyrir lítið fyrirtæki. Hinsvegar voru þessi útgjöld viðráðanleg vegna þess að þeim var dreift yfir nokkur ár. Þar að auki vó ávinningurinn þyngra en

kostnaðurinn, það er, það dró úr hættu á að starfsfólk muni þróa með sér ryk-tengda sjúkdóma og veikindadögum fækkaði.

Lykilatriði í dæmi um góða starfshætti

- Fyrirtækið tókst á við hættur á vinnustaðnum á kerfisbundinn hátt með stuðningi vinnuverndarstofnunar starfsgreinarinnar, Stigas.
- Þrátt fyrir að vera lítið fyrirtæki með takmarkaða fjármuni, þá hefur Mansholt BV tekist að grípa til margvíslegra tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda starfsfólk gegn mögulega hættulegu ryki, sem leiðir til bættra vinnuaðstæðna fyrir starfsfólk.
- Ráðstafanirnar sem gripið var til ganga lengra en lagarlegar kröfur og eru sjálfbærar.
- Þetta dæmi um góða starfshætti er yfirfæranlegt á önnur lítil fyrirtæki, þar með talið þau sem eru utan landbúnaðarins.

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar er hægt að finna á: www.stigas.nl

Heimildir og úrræði

<https://www.hseactueel.nl/nieuws/mansholt-en-volandis-winnen-competitie-goede-praktijken/>

Viðleitni fyrirtækisins til að fjárfesta í heilsusamlegum vinnustað gera það að leiðandi fyrirtæki á sviði vinnuverndar í landbúnaðargeiranum.